

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu, sorpeyðingu og seyrulosun í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt nr. 32/2007 um meðhöndlun úrgangs, og nr. 149/2004 um hirðu og meðhöndlun seyru. Gjöldin eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

2. gr.

Sorphirðugjald.

a) 240 lítra tunna	11.077 kr.
b) 660 lítra tunna	32.603 kr.
c) 1.100 lítra tunna	53.985 kr.

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Íbúðir	11.218 kr.
Sumarhús	8.400 kr.
Atvinnurekstur	30.565 kr.

4. gr.

Seyrulosunargjald.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa er 5.833 kr.

5. gr.

Annað.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps 7. desember 2010 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt nr. 32/2007 um meðhöndlun úrgangs, sbr. samþykkt nr. 149/2004 um hirðu og meðhöndlun seyru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Gjaldskráin var samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þann 7. janúar 2011, og öðlast gildi eftir birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 87/2010.

Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 25. janúar 2011.

Gunnar Örn Marteinnsson oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 7. febrúar 2011